



# Er til lím í Afríku?

## Kennsluhugmyndir



### Almennt um efnið

#### Hvers vegna að fjalla um Afríku?

Við sjáum oft myndir í fjölmiðlum af hörmungum í Afríku. Í Afríku eru mörg vandamál: Þurrkur, sultur, borgarastyrjaldir og margt annað, en lang flestir Afríkubúar lifa venjulegu hversdagslífi.

Hugmyndin með þessari bók er að breyta hugmyndum barna um Afríku og sýna þeim líf fólksins. Þegar þau kynnast því að Afríkubúar eru venjulegt fólk, þá er auðveldara fyrir þau að setja sig í spor þeirra. Þó að Afríka sé langt í burtu, þá á menning Afríkubúa margt sameiginlegt með okkar menningu. Við búum á sama hnetti og við eigum söguleg tengsl, bæði góð og vond, og við getum lært af menningu hvers annars.

Þessi bók kynnir nemendum líf fólks sem býr í Afríku og gefur þeim tækifæri til að velta fyrir sér eigin menningu og lífsháttum og bera saman við líf, starf og menningu fólks sem býr í Afríku.

#### Hvað vilja börn vita um Afríku?

Nemendur spyrja oft spurninga sem fullorðnir vilja líka fá svör við en eru of feimnir við að spyrja: Hvernig býr fólk í Afríku? Hvað er borðað? Hver er saga Afríku? Eru töfralæknar í Afríku? Eru til skólar þar? Hvernig leika afrísk börn sér? Hvers vegna eru svona margar kýr í Afríku? Er vatnsskortur í Afríku? Hvers vegna er svart fólk svart? Er vont að ganga berfættur?

Svona hljómuðu nokkrar af þeim spurningum sem þrjú hundruð nemendur í fjórða til níunda bekk spurðu, þegar þeir fengu tækifæri til að spyrja um allt sem þeir vildu vita um Afríku.

Svör við þessum spurningum er að finna í tólf köflum bókarinnar *Er til lím í Afríku?* Fólk og dæmi í bókinni eru raunveruleg og flest komin frá Eþíópíu og Botsvana. Í bókinni *Er til lím í Afríku?* er lífið í Afríku og á Íslandi borið saman, bæði fyrr og nú. Það gefur lesandanum tækifæri til að samsama sig aðstæðum og fólki sem lesið er um. Í bókinni er Afríku lýst út frá sjónarhóli Afríkubúa. Þeir eru ekki bara hundruð árum á eftir okkur í þróun, þeirra aðferðir við hlutina eru rökréttar miðað við aðstæður þeirra. Þeir búa ekki í kofum vegna þess að þeir hafa ekki efni á að búa í húsum svipuðum okkar, heldur vegna þess að þeir nota byggingarefni og húsagerðir sem henta best aðstæðum þeirra og loftslagi.

Í hverjum kafla eru verkefni sem krefjast fjölbreyttra vinnubragða. Þar fá nemendur t.d. að setja sig í spor menntamálaráðherra í landi í Afríku, byggja kofa og bera byrðar á höfðinu. Svara við nokkrum spurninganna verður að leita utan skólans, önnur verkefni er hægt að leysa í stofunni. Nokkur verkefnanna verður að leysa utandyra og lausn annarra er að finna í ítarefni. Við lærum á mismunandi vegu og þess vegna er reynt að höfða til ólíkra skynfæra og lífsreynslu nemendanna í verkefnunum.

## Myndskreytingar

Hægt er að nálgast efni þessarar bókar á enn annan hátt, með því að skoða myndirnar. Þær sýna smáatriði og andrúmsloft og styðja vel við textann. Þær hjálpa og vekja forvitni þeirra sem ekki eru vel læsir. Myndatextinn er líka miðaður við þá sem eiga erfitt með lestur.

Myndirnar og myndatextarnir eru eins og bók í bókinni. Hver kafli hefst á opnumynd, þar sem sýnt er það helsta sem kaflinn fjallar um. Opnumynd skólakaflans sýnir afrísk og íslensk börn saman í skólastofu. Sumt er líkt og annað ekki hjá hópunum. Kaflinn um hörundslit hefst á mynd þar sem hópur svartanna skellihlær að hvítum manni sem hefur verið í sólbaði og er nú orðinn bleikur. Þessar opnumyndir eru tilvaldar til þess að hefja umræður í bekknum.

## Vinnubrögð

Í þessum kennsluhugmyndum er lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð nemenda. Börn læra á margvíslegan hátt, áhugi og hæfileikar barna eru á mismunandi sviðum og því er æskilegt að nálgast viðfangsefnið á fjölbreytta vegu. Þá koma nemendur úr ólíku umhverfi þannig að reynsluheimur þeirra er ólíkur. Því er æskilegt að bjóða upp á mismunandi verkefni sem höfða til margra greindarþátta. Spurningar, leit, umræður, upplifun, vettvangskannanir, að fá að handfjatla og búa til hluti, allt þetta hjálpar til við að læra og skilja.

## Uppbygging textans

*Er til lím í Afríku?* á að útvíkka þá mynd sem við höfum af Afríku og þar er blandað saman gömlu og nýju. Við kynnumst tveimur fjölskyldum frá Botsvana og fylgjum þeim í skólann, á markaðinn, að mjólka kýrnar, að ná í vatn og byggja hús. Við fylgjumst líka með þeim þegar þær búa til og borða morgunmat.

Kaflarnir hefjast á einföldum texta, þar sem lesandinn fær að upplifa og lesa um dæmi úr hversdagslífinu. Textinn fjallar síðan meira um afrískt þjóðfélag almennt, þróun þess og uppbyggingu.

## Hvernig hægt er að nota bókina

Þessa bók má nota sem uppflettirit eða sem kennslubók sem lesin er frá upphafi til enda, eftir því hversu miklum tíma er eytt í efnið um Afríku. Þá fer þetta eftir því hvort bókina er notuð í einu fagi eða á þverfaglegan hátt. Hver kafli fjallar um ákveðið efni. Farið er djúpt í efnið, þannig að jafnvel flóknari viðfangsefni verður auðveldara að skilja.

Líkja má uppbyggingu bókarinnar við spíral, þar sem fjallað er um ákveðin atriði á mismunandi vegu innan sama kaflans. Þessi sömu atriði koma líka við sögu í öðrum köflum. Þannig byggir nemandinn upp skilning sinn út frá hinu einfalda til hinna flóknari þátta. Þegar bókina á þennan hátt endurtekur atriði í mismunandi samhengi (t.d. vatn, brenni, ofbeit) þá lærir nemandinn að hinir ýmsu þættir hafa áhrif hver á annan og saman hafa þessir þættir áhrif á lífsskilyrði fólks í Afríku.

## Um Afríku og löndin tvö Botsvana og Eþíópíu

Myndir frá hinum ýmsu hjálparsamtökum í tilefni neyðarsafnana eru sýndar í sjónvarpinu. Við sjáum myndir af fólki sem þjáist vegna þurrka, stríðs eða spilltra valdhafa. Við sjáum líka myndir af frumstæðu fólki sem á í innbyrðis erjum. Okkur er sagt að íbúar Afríku búi í lélegum kofum án rafmagns og vatns, að milljónir manna svelti í hel, að verið sé að eyða skógunum, að eyðimörkin breiðist út og að það sé skortur á vatni. Við erum hvött til þess að safna fötum og senda peninga til vesalings Afríkubúanna.

## Hugmyndir okkar um Afríku

Margt af því sem við heyrum um Afríku er því miður satt en er samt alls ekki allur sannleikurinn. Við dæmum Afríku út frá lífsvenjum okkar. Margir bera saman þróun og lífsmáta Afríkubúa við okkar þróun og lífsmáta á Vesturlöndum og þar virðist Afríka vera langt á eftir, því þar skortir enn svo margt til þess að lífsskilyrðin verði eins og hjá okkur. Í þessum samanburði gefur fólk sér að þróunin í Afríku fylgi sama mynstri og hún hefur gert hjá okkur. Margir gleyma að spyrja þessarar spurningar: Hvernig þróun vilja Afríkubúar? Meðan við lítum bara á efnahagslega þróun á Vesturlöndum er samanburðurinn okkur í hag. En þegar við lítum á fjölda einmana fólks, geðfatlaðra og tilrauna til sjálfsmorða, þá lítur samanburðurinn öðruvísi út.

Margir Afríkubúar vilja gjarna lifa og starfa eins og Vesturlandabúar, en alls ekki allir. Okkur á Vesturlöndum hættir til að einfalda myndina af Afríku, við tölum oft um Afríku eins og það sé eitt land og allir íbúar hafi sömu lífsvenjur. Í hugum margra er Afríka samheiti fyrir þróunarlönd. Við miðlum viðhorfi okkar og hugmyndum til nemendanna, heimsmynd okkar verður þeirra heimsmynd, því er mikilvægt að læra um og sjá allar hliðar á Afríku.

## Afríka er ekki öll eins

Afríka er þrisvar sinnum stærra en Evrópa. Það lítur kannski ekki þannig út á heimskorti, en fjarlægðin milli norðurhluta álfunnar og suðurhluta er átta þúsund kílómetrar. Munur á milli ólíkra svæða í Afríku er meiri en á milli mismunandi svæða í Evrópu. Flestir Afríkubúar hafa nóg að borða. Í stórborgunum ekur fólk á nýjum bílum á milli háhýsa og það er hægt að kaupa flest það sem fæst á Vesturlöndum, ef fólk hefur ráð á því. Margir flytja úr sveitum til stórborga til þess að öðlast meiri lífsþægindi. En flestir Afríkubúar búa samt í kofum í þorpum og stunda hefðbundinn búskap.

## Fólkið

Afríka er önnur fjölmennasta heimsálfan á eftir Asíu. Samkvæmt Vísindavefnum er talið að íbúar Afríku hafi verið um átta hundruð milljónir árið 2001 sem samsvarar um 13,3% alls mannkyns. Áætlað er að Afríkubúum fjölgi um 2,4% á ári. Mikill meirihluti íbúa Afríku býr sunnan Sahara eða um 673 milljónir (82,3%) Um 33% Afríkubúa búa í þéttbýli.

Þá er talið að um ein og hálf milljón manns séu af ættflokkum eins og Bushmenn, Watusi eða Pygmies. Það eru líka um sex milljónir hvíttra manna, sem telja hin ýmsu Afríkuríki föðurland sitt.

Um helmingur fólks í Afríku er undir fimmtán ára aldri. Hinn mikli ungbarnadauði á nokkrum svæðum í Afríku veldur því að meðalaldurinn þar er lágur, en þeir sem lifa fyrstu fimm æviárin geta orðið jafn gamlir og við sem búum á Íslandi.

Íbúar Norður-Afríku eru flestir Arabar en þegar komið er suður fyrir Sahara eyðimörkina eru íbúarnir svartir, en af ólíkum kynþáttum. Flestir kynþættirnir í Afríku tala eigið tungumál og eiga sína sérstöku menningu og siði.

Í löndum Afríku eru töluð yfir fimmtán hundruð tungumál. Lífnaðarhættir fólks í þessum löndum geta verið ólíkir. Trúin, sagan, loftslagið, hvar í álfunni fólkið býr, og fleira hefur áhrif á lífnaðarhætti fólksins. Það getur líka verið mikill munur á lífnaðarháttum fólks af sama kynþætti. Sumir eru ríkir, aðrir fátækir, til er menntað fólk og ómenntað, ungir, gamlir, karlar, konur, fólk sem býr í sveit og borg og alveg eins og hjá okkur þá skiptir þetta allt máli.

## Eþíópía

Eþíópía er annað tveggja landa Afríku sem ekki hefur verið nýlenda. Það er um það bil ellefu sinnum stærra en Ísland og hálent. Það á landamæri að Eritreu, Sómalíu, Kenía og Súdan. Höfuðborg-

in Addis Ababa (Nýja blómið) er næstum í miðju landi. Flestir vinna við landbúnað. Helstu útflutningsvörur landsins eru kaffi, sólblómafræ, skinn og sykur. Heimsmarkaðsverð á þessum útflutningsvörum er mjög breytilegt og tekjur landsins af útflutningi nægja ekki fyrir innflutningi, því þarf þjóðin að reiða sig á þróunaraðstoð. Þjóðartekjur á mann eru um tvö hundruð sinnum lægri en á Íslandi. Um helmingur þjóðarinnar er ólæs og skrifandi og þriðja hvert barn deyr áður en það nær fimm ára aldri.

Í landinu búa margir þjóðflokkar og töluð eru 80 mismunandi tungumál. Innbyrðis stríð, þurrkar og óstjórn hafa leikið þjóðina grátt. Þessir þættir hafa meðal annars gert það að verkum að uppskerubrestur og hungursneyð eru algeng í Eþíópíu. Órómenn eru fjölmennasti þjóðflokkurinn. Orðið Eþíópi þýðir „maður með brennt andlit“. Eþíópíubúar eiga ríkulega menningu og landið er eitt af elstu kristnu löndum heims. Flestir landsmenn eru kristnir (58%), en fjöldi múslima og fólk annarrar trúar er líka í Eþíópíu.

Landið var keisaradæmi til 1974, en þá var Haile Selasse keisara steipt af stóli. Kristniboðssambandið hefur starfað í Eþíópíu frá 1953. Það hefur, auk þess að boða kristna trú, byggt kristniboðsstöðvar, grunnskóla og heilsugæslustöð í Eþíópíu. Eþíópíumenn hafa sitt eigið dagatal. Hjá þeim eru þrettán mánuðir, tólf mánuðir hafa þrjátíu daga og einn mánuður, sem þeir nefna Pagume, hefur fimm daga.

## **Botsvana**

Botsvana var nýlenda Breta til 1966 en þá hlaut landið sjálfstæði. Landið er sunnarlega í Afríku og á landamæri að Namibíu, Sambíu, Simbabve og Suður-Afríku. Meginhluti Kalaharíeyðimerkurinnar er innan landamæra Botsvana. Þá eru í landinu hin frægu Okavango-fen, sem laða að sér ferðamenn. Botsvana hefur ávallt haft sterk tengsl við Suður-Afríku. Höfuðborgin er Gaborone.

Útflutningsvörur Botsvana eru demantar, vélar og tæki, kopar og nautakjöt sem flutt er til Evrópu. Flestir Botsvanabúar starfa við landbúnað en margir vinna þó í námum, bæði í Botsvana og Suður-Afríku.

Þegar Botsvana fékk sjálfstæði 1966 var það eitt fátækasta þróunarlandið. En með árunum hefur tekist að bæta lífsskilyrði og auka atvinnu í landinu, þannig að nú er það ekki lengur skilgreint land þar sem íbúar eru með lágar tekjur heldur land þar sem tekjur eru í meðallagi, miðað við önnur þróunarríki.

## **Bærinn Molepolole í Botsvana**

Bærinn Molepolole er 50 kílómetra í norðvestur af höfuðborginni Gaborone. Í þessum bæ búa fjölskyldurnar tvær sem við kynnumst í bókinni og þaðan koma flestallar þær raunverulegu aðstæður sem fjallað er um.

Kwenaile fjölskyldan býr í miðbæ Molepolole. Níu af börnunum í fjölskyldunni búa heima, en þau elstu hafa gift sig og hafa atvinnu. Yngstu börnin ganga í skóla. Stundum búa líka frændur og frænkur fjölskyldunnar hjá þeim. Fjölskyldan á eigin akra og nautgripahjarðir. Þau ráða fólk í vinnu til að líta eftir þeim.

Í Thakadu fjölskyldunni eru börnin nú öll uppkomin og flutt að heiman. Þabbinn heitir Sentabo. Hann er um það bil sjötugur og er klæðskeri. Konan hans heitir Thato. Hún eignaðist fjórtán börn og af þeim lifa tíu. Elstu börn allra dætra þeirra búa hjá afa sínum og ömmu, en það er venjan í Botsvana. Það er uppskerutími þegar fjölskyldan er heimsótt í bókinni. Akrar fjölskyldunnar eru um fjörutíu kílómetra frá Molepolole og þar eru líka dýrin þeirra.

## Þemadagar um Afríku

Bókin hentar vel sem grunnefni fyrir þemadaga um Afríku. Það má hugsa sér að 5., 6. eða 7. bekkjar lesi bókina og verði hópstjórar á hinum ýmsu verkstæðum á þemadögunum.

Með þemavinnunni er reynt að koma til móts við mismunandi námsleiðir nemendanna. Nemendur fá tækifæri til að læra með því að upplifa, kanna, gera tilraunir og framkvæma. Þá eru þemadagar upplagt tækifæri til að breyta til og gera annað en venjulega.

### Hvaða námsgreinum tengist þemað?

Íslensku, með lestri, ritun og tjáningu.

Myndlist, með teikningu, málun og skreytingum að afrískum hætti.

Tónmennt, með því að syngja og hlusta á tónlist.

Dansi, með því að læra dansa frá Afríku.

Tölvum, með því að nota ritvinnslu-, glærugerðar- (Power Point) og bæklingaforrit (Publisher).

Upplýsingatækni, með leit á Neti að upplýsingum, svo sem að mynstrum, myndum og efni um Afríku.

Lífsleikni, að eiga samskipti hvert við annað í mismunandi hópum og kynnast daglegu lífi og menningu framandi þjóða.

Landafræði, kynnast Afríku, legu, loftslagi og einkennum.

### Hvernig tengist þemað námskrám?

#### Í áfangamarkmiði í íslensku við lok 7. bekkjar segir m.a.:

*Á miðstigi grunnskóla skal leggja mikla áherslu á heildstætt nám í íslensku og fjölbreytileg viðfangsefni sem ná til allra námsþátta íslensku, í samræmi við þroska og áhuga nemenda.*

#### Áfangamarkmið í myndlist 5.–7. bekkur

Á miðstigi skal leitast við að þroska með nemendunum hæfileika til að vinna sjálfstætt og efla hæfni þeirra til samstarfs við aðra þar sem um sameiginleg verkefni er að ræða.

#### Áfangamarkmið í tónmennt við lok 7. bekkjar

*Nemandi*

- taki þátt í hreyfileikjum og dönsum frá ýmsum tímabilum og löndum
- kunni skil á mismunandi hlutverki dansa í ólíkum menningarsamfélögum
- geri sér grein fyrir hlutverki tónlistar í dansi og hlutverki dansins í tónlistarsögunni

#### Prepamarkmið í dansi 5.–7. bekkjar

*Nemandi*

- fái innsýn í danshefð annarra þjóða, t.d. frá Norðurlöndum, Spáni, A-Evrópu, Írlandi, Afríku o.s.frv.

#### Áfangamarkmið með tölvunotkun við lok 7. bekkjar

*Nemandi á að*

- hafa notað kennsluforrit í öllum greinum sem verkfæri við eigið nám
- hafa unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga með upplýsingatækni og miðlað þeirri þekkingu til annarra á sama hátt
- hafa sett upp margþætt skjöl í ritvinnslu
- hafa kynnst mismunandi hugbúnaði og gert sér grein fyrir notagildi hans

## Lokamarkmið í upplýsingamennt

*Nemandi*

- geti nýtt sér margvíslega tækni til að safna, varðveita og miðla upplýsingum og geti umskráð upplýsingarnar á mismunandi form
- geti nýtt sér upplýsingatækni til upplýsingavinnslu og samstarfsverkefna um tölvunet

## Upplýsingalæsi

*Nemandi*

- geti skilgreint hvaða upplýsinga er þörf í tengslum við ákveðin viðfangsefni
- geti nýtt sér flokkunar- og leitaraðferðir til að staðsetja og sækja upplýsingar
- geti flokkað, metið og valið viðeigandi upplýsingar í samræmi við viðfangsefni
- geti varðveitt upplýsingar á skipulegan hátt
- geti metið, túlkað og hagnýtt upplýsingar til að svara ákveðnum spurningum eða leysa ákveðin vandamál
- geti sett upplýsingar fram í samræmi við inntak og markmið viðfangsefnisins og miðlað þeim til annarra

## Lokamarkmið lífsleikni í grunnskóla

*Nemandi*

- rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú, líkamlegu og andlegu atgervi
- öðlist færni í tjáskiptum og styrkist þannig í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum

## Lokamarkmið í landafræði í 1.–9. bekk

*Nemandi*

- kanni valin svæði á yfirborði jarðar með áherslu á heimabyggðina, Ísland, Norðurlönd, Evrópu, heimsálfur og heiminn í heild
- kynnist og kunnir skil á því hvernig samspil manns og náttúru hefur þróast og hvernig sú þróun kemur t.d. fram í skipulagi samgangna og samfélags og ólíkum lífsháttum og lífshættum fólks
- geti lifað sig inn í kjör og viðhorf annarra og þekki einkenni svæða allt frá heimabyggð til fjarlægari staða með tilliti til landslags, gróðurs, auðlinda, búsetu og menningar
- geti unnið sjálfstætt að verkefnum, bæði samkvæmt fyrirmælum og að eigin frumkvæði
- verði vanur að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum hætti, svo sem munnlega eða skriflega, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu, einn sér eða í samstarfi við aðra

Í inngangi aðalnámskrár í erlendum tungumálum segir að enska sé það mál sem mest er notað á sviði fræðslu og vísinda og í alþjóðlegum samskiptum í heiminum.

Eitt af lokamarkmiðum í aðalnámskrá í heimilisfræðum er að nemandi hafi kynnst einkennum matarmenningar nokkurra erlendra þjóða

## Markmið með þemadögum um Afríku er að

- nemendur læri um daglegt líf fólks í Afríku
- breyta þeirri einsleitu mynd sem fjölmiðlar gefa af álfunni
- brjóta upp skólasterfið og hafa líf og fjör, liti og gleði
- bjóða upp á fjölbreyttari kennsluhætti
- örva sköpunargleði nemenda

## Námsmat

### Mat á hópastarfi

Kennari metur hópastarfið daglega, t.d. með því að merkja við á matsblað. Hægt er að gera það á tvo vegu. Sami kennari getur fylgt ákveðnum hópi nemenda milli verkstæða, eða að kennarar séu staðsettir á sama stað og taki sífellt við nýjum hópum. Kennarar koma sér saman um matsblað og hóparnir eru metnir út frá því.

### Sjálfsmat

Sjálfsmat hjá nemendum eftir þemadagana. Þá fær hver nemandi blað þar sem hann á að merkja við hvernig hann sjálfur vann verkefni og með hópnum sínum. Bæði er hægt að nota staðlað form þar sem nemandi merkir við eða að nemendur skrifa hvers vegna þeir unnu vel/illa og hvað þeim fannst sjálfum að þeir gerðu best.

## Hugmyndir um viðfangsefni

Undirbúningur daganna getur verið á marga vegu. Til þess að vekja eftirvæntingu er hægt að hengja stór spjöld með kaflaheitum bókarinnar, allt spurningar, upp á vegg skólans. Dæmi um kaflaheiti: Hvers vegna á fólkið svona margar kýr? Hvers vegna eru blökkumenn svartir?

Hópar nemenda sem hafa bókina sem kennsluefni svara síðan þessum spurningum þegar þeir hafa unnið með efnið. Framsetning svaranna getur verið á ýmsa vegu. Hægt er að slá inn svörin í ritvinnslu, prenta út og hengja upp hjá viðeigandi spurningu. Nemendur geta útbúið Power Point kynningu og sýnt á þemadögum. Þá er skemmtileg hugmynd að útbúa myndskreytta bæklinga í Publisher forritinu með spurningum og svörum. Einnig hægt að vinna þetta á hefðbundinn hátt með því að handskrifa spurningar og svör og búa til veggspjöld.

Hugstormun er góð í upphafi vinnunnar. Spyrjið nemendur hvað þau viti um Afríku og skráið svör þeirra á pappír sem hengdur er á vegg stofunnar eða á ganga skólans. Þegar unnið hefur verið með Afríkuþemað er hægt að spyrja aftur og bera saman svörin.

Til þess að undirbúa nemendur sem best er gott að fá í heimsókn gesti sem þekkja til álfunnar. Má þar nefna kristniboða, starfsfólk Rauða krossins, starfsfólk Hjálparstofnunar kirkjunnar og starfsfólk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þá er einnig hægt að leita til Alþjóðahússins. Þangað er hægt að fara í heimsókn með nemendahópa, fá fræðslu og fara á kaffihúsið sem þar er (sjá vefi þessara stofnana í lista yfir vefslóðir). Þá má e.t.v. fá lánaðar myndir og muni frá Afríku í eigu þessara stofnana eða annarra til að sýna nemendum meðan á þemadögum stendur.

Þá eru oft hér á landi nemendur frá Afríku í Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna eða í Jarðhita-skóla Sameinuðu þjóðanna. Athuga má hvort hægt er að fá einhvern þeirra til að heimsækja skólann meðan á þemadögum stendur (sjá vefi þessara skóla í lista yfir vefslóðir).

Meðan á þemadögum stendur ættu sem flestir kennarar og annað starfsfólk skólans að klæðast á afrískan hátt, koma í litríkum fötum, nota höfuðföt og skartgrip og hvetja nemendur til þess líka.

### Dansverkstæði

Heimsókn dansara í skólann. Hópur fólks í Kramhúsinu sem hefur lært Afríkudansa. Ef til vill er hægt að fá einn eða fleiri úr þessum hópi, eða jafnvel gestakennara frá Afríku, ef hann er til staðar, í heimsókn. Dansarinn kennir nokkrum nemendum úr 5. eða 6. bekk einn til tvo dansa frá Afríku, sem þeir síðan kenna þeim sem koma á dansverkstæðið á þemadögum. Ef danskennari er í skól-

anum þá er hann að sjálfsögðu með í að skipuleggja dansverkstæðið. Þá er líka hægt að fá nokkra æfða dansara til þess að sýna dansa frá Afríku fyrir alla nemendur skólans.

Konur í Afríku eru oft í litríkum síðum pilsum sem eru bundin upp um þær. Það væri gaman ef stelpurnar sem stjórna dansverkstæðinu væru búnar að útbúa pils í líkingu við þau sem afrískar konur klæðast. Ef enginn er á staðnum sem kann Afríkudans þá er hér kenndur einn auðveldur dans sem heitir Kanaga sem allir ættu að ráða við að dansa.

## Dans frá Mali í Afríku

*Kanaga*

Þrjú skref til vinstri.

Þrjú skref til hægri.

Hoppið á staðnum nokkrum sinnum:

Stappið niður fótum, með beina arma fram og síðan út til hliðanna.

Endurtaka.

## Grímugerð

Grímur og styttur eru hluti af gamalli menningu ættbálka í Afríku. Afrískar grímur eru margar hverjar litríkar og fallegar. Þær eru því upplagðar sem verkefni fyrir nemendur á þemadögum (sjá vefslóðir um grímur frá Afríku).

Upplagt er að nota pappadiska eða ílanga kassa undan drykkjarfernum sem efnivið í grímur. Þær eru síðan skreyttar með mynstrum frá Afríku og nemendur setja þær upp á lokahátíðinni.

## Styttugerð

Um alla Afríku eru styttur úr tré, steini og leir hluti af gamalli menningu. Notið járnherðatré (frá fatahreinsun) sem beygt hefur verið til að forma líkama. Búið til höfuð úr leir eða pappamassa og setjið á búkinn. Vefjið snæri eða efnisræmum um járníð og klæðið styttuna þannig í föt.

## Skartgripagerð

Í Afríku er rík hefð fyrir því að skreyta sig með alls konar skartgripum. Afríkubúar hafa um aldir notað allan þann efnivið sem Afríka hefur að bjóða í þessa skartgripi. Má þar nefna gull, dýrmæta steina, járn, bein, tré og eflaust fleiri hluti.

Vinabönd og margs konar hálsfestar, arm- og ökklabönd og hárskraut er upplagt að búa til. Hægt er að nota ýmsar gerðir af baunum, sem bleyttar eru upp og litaðar með matarlit, tré- og plastperlur og pasta. Það er líka hægt að nota marglitan pappír sem er snúinn saman í perlur og notaður í festar.

Þá er hægt að búa til perlur í ýmsum stærðum úr sandi og lími. Búið til deig úr sandi og hvítu lími, passið að það verði ekki of þunnt, búið til gat í gegnum hverja perlu með nagla. Látið þorna til morguns, málið í mörgum litum eða límið á perlurnar fræ eða glimmer. Þræðið upp á girni þegar þetta er orðið þurrt. Þá er hægt að klippa plaströr (sogrör) niður í mislanga búta og þræða upp á girni.

## Trommu- og hristuverkstæði

Tónlist og dans eru mjög mikilvæg fyrir Afríkubúa bæði sem hluti daglegs lífs og sem þáttur í trúarathöfnum. Hljóðfærin sem notuð eru nokkuð mismunandi eftir stöðum. (sjá vefslóðir um hljóðfæri frá Afríku).



Auðveldasta leiðin til þess að búa til hristur er að finna til pappahólka t.d. undan eldhúsrúllum, setja í þá hrísgrjón eða baunir og loka þeim með bókaplasi. Þeir eru síðan vandlega skreyttir.

Tommur má búa til á svipaðan hátt. Oft er hægt að fá í prentsmiðjum stóra pappahólka sem nota má í trommur. Ofan á þá eru síðan límd nokkur lög af bókaplasi.

Þá má nota niðursöguð kústsköft til þess að slá saman. Þau er hægt að mála eða skreyta með brennipenna.

## Þrykkt á efni

Í mörgum Afríkulöndum er rík hefð fyrir batíklis. Kennari kynnir sér mynstur og liti frá Afríku og prentar út fyrir nemendur að styðjast við (sjá vefslóðir).

Skerið út mynstur í kartöflur eða annan efnivið sem hentar og þrykkið á venjulegan pappír eða maskínupappír sem hægt er að nota til að skreyta veggi skólans með og/eða þrykkið á einlit efni sem notuð eru í pils eða höfuðföt sem nemendur klæðast í dansinum. Þá er líka hægt að mála afrísk tákni og myndir á striga eða það sem tiltækt er svo sem gamlar skyrtur eða boli, sem nemendur koma með að heiman.

## Búa til líkan

Útbúið er líkan af Afríku, t.d. úr vír og pappamassa. Líkanið gæti verið á gólfi eða borði í líkingu við Íslandskortið sem er í Ráðhúsinu í Reykjavík. Á líkanið er hægt að setja löndin í Afríku, höfuðborgir þeirra, há fjöll, stór vötn og merkisstaði álfunnar. Þá er hægt að finna á Netinu fána þessara landa, prenta þá út og festa með tannstönglum á löndin (sjá vefslóðir).

## Leikjaverkstæði

### Innileikir

Leikir barna alls staðar í heiminum eru svipaðir, en taka þó á sig ólíkar myndir eftir stöðum. Á leikjaverkstæðinu er hægt að fara í leiki sem nemendur þekkja en eru þó ólíkir. Þar prófa nemendur að leika sér eins og afrísk börn gera.

### Rímleikur

Nemendur sitja í hring og þylja saman í takt t.d. *Afi minn fór á honum Rauð*, eða *Sigga litla systir mín* eða aðrar þulur og flytja samtímis steina á milli sín. Sá sem gleymir að flytja er úr leik.

## Dans

Spiluð er afrísk tónlist af geisladiski, nemendur fara í *hringdans* og klappa í takt. Einn fer inn í hringinn og hann velur sér féлага til að dansa við. Haldið er áfram þar til allir hafa verið valdir.

## Útileikir

Ef veður leyfir er upplagt að fara í nokkra af þeim leikjum sem minnst er á í bókinni. Þar má nefna að *sippa* og syngja (þú ert nornin snúðu þér við) eða vega salt og syngja í takt, kaffi-te, kaffi-te... Leikurinn „*Hundur stelur beini*“ hentar líka vel á skólalóð. Tvö lið stilla sér upp hvort á móti öðru með u.þ.b. tuttugu metra millibili. Hvert barn fær númer. Sá sem stjórnar hrópar upp númer. Sá sem hefur það númer í hvoru liði hleypur fram og reynir að ná bolta eða beini sem er mitt á milli liðanna. Það lið sem oftast nær beininu vinnur.

## Knattspyrna á afríska vísu

Knattspyrna er mjög vinsæl í Afríku en hana spila eingöngu drengir. Margir eiga ekki peninga fyrir skóm eða boltum. Ekki er ráðlagt að prófa að spila knattspyrnu á skólavellinum berfættur, en hægt er að búa til fótbolta eins og drengir í Afríku gera, vefja snæri utan um plastpoka, e.t.v. með svampi í miðjunni og spila svo fótbolta með heimatilbúnum bolta og búðarbolta til þess að finna muninn.

## Leikrit

Leiklistarhópur semur leikrit sem fjallar til dæmis um börn í Afríku. Góð hugmynd er að ganga út frá kaflanum „Eru skólar í Afríku?“ Þar er ekkert rafmagn og nemendur þurfa sumir að ganga upp undir tvo klukkutíma í skóla. Þá er engin heimavinna þar sem svo fáar skólabækur eru til. Hægt er að spinna út frá þessu efni leikrit, e.t.v. taka með í leikritið eitthvað af áhorfendunum til að leika nemendur. Sviðsmynd gæti verið stórt tré þar sem sumir skólar eiga ekki húsnæði og ein tafla á trönun. Leikendur eru berfættir og flestir í eins litum bolum þar sem í langflestum skólum Afríku eru skólabúningar, en þeir fátækustu eiga ekki búninga og eru því öðruvísi klæddir. Kennarinn þylur upp og nemendur endurtaka.

## Matargerð

Banar eru ræktaðir á mörgum stöðum í Afríku og súkkulaði er búið til úr baunum sem koma af kakótrjám frá Afríku. Það er því vel til fundið að eitt af verkstæðunum á þemadögunum útbúi góðgæti úr banönum og súkkulaði. Má þar nefna heitt kakó og bananaköku eða bananabrauð. Afríkubúar drekka mikið te, enda er það ræktað í Afríku. Góðgætið sem búið er til ætti hiklaust að bera fram á lokadegi þemadaganna. Þá má e.t.v. reyna þennan rétt sem er vinsæll um alla Afríku.

### *Steiktir bananar*

Nokkuð stórir bananar,  
sítónusafi,  
púðursykur og kanill,  
smjör / smjörlíki,  
panna og eldhúsrúllur.

Nemendur taka hýðið af banana og skera í tvennt langsum. Setjið helmingana á disk og hellið svolitlum sítónusafa á. Stráið púðursykri og kanil yfir. Bræðið smjörið á pönnu og steikið á báðum hliðum. Látið renna af þeim á eldhúsrúllu og berið fram.

### *Auðvelt bananabrauð, uppskrift frá Malaví*

Nthochi (banana) brauð

1/2 bolli smjörlíki  
1 bolli sykur  
2 bollar hveiti  
1 egg  
1 bolli mjólk  
1 teskeið lyftiduft  
1 teskeið salt  
5 vel þroskaðir, marðir bananar

Smyrjið bökunarform að innan. Hitið ofninn í 180°Celsíus.

Hrærið saman smjörlíki og sykri. Bætið í egginu og hrærið. Setjið hveitið, lyftiduftið, saltið, mjólkina og bananana í og hrærið varlega saman. Bakið í u.þ.b. einn klukkutíma. Kælið og skerið í sneið-

ar. Þá má líka sjóða hrísgrjón og nemendur fá skammt á pappadisk. Þeir nota síðan hendurnar, móta kúlur sem dýft er í sósu og borða með fingrunum. Sjá bókina bls. 39.

## Lokahátíð

Afríkubema gefur tilefni til að halda skrautlega og fjöruga lokahátíð sem allir geta haft ánægju af. Allir koma í skrautlegum klæðum, eru með skartgripi, grímur, hljóðfæri og annað það sem útbúið hefur verið á þemadögunum. Salurinn skreyttur með styttum nemenda og áþrykktum klæðum og pappír. Tónlistar og danskennari ásamt öðrum kennurum stjórna hóp-dansi og söng. Leikritið sýnt aftur fyrir gesti lokahátíðar. Þá er borið fram góðgæti, kökur, kakó eða te sem eldað var í tilefni lokahátíðar. Að sýna myndband sem gerist í Afríku, annað hvort leikna eða stutta fræðslumynd er vel til fundið á þessum lokadegi. Þá má taka þemadagana upp á myndband og sýna á lokahátíðinni.

## Hópverkefni

Nýta má bókina á annan hátt með hópverkefnum tengdum ýmsum námsgreinum.

### Hvaða námsgreinum tengjast verkefni?

- Íslensku, með lestri, ritun, tjáningu.
- Myndlist, með teikningu, málun og skreytingum að afrískum hætti.
- Tölvum, með því að nota ritvinnslu, glærugerðarforrit (Power Point) og bæklingaforrit (Publisher).
- Upplýsingatækni, með leit á Neti að upplýsingum, svo sem að mynstrum, myndum og efni um Afríku.
- Lífsleikni, með því að eiga samskipti við hvert annað í mismunandi hópum og kynnast daglegu lífi og menningu framandi þjóða.
- Landafræði, með því að kynnast Afríku, legu, loftslagi og einkennum.
- Ensku, því enska er það tungumál sem mest er notað á sviði fræðslu og vísinda. Netið og margmiðlunarefni er heppilegt til enskukennslu.

### Markmið þessara verkefna er að

- auka víðsýni og umburðarlyndi meðal nemenda.
- þjálfar nemendur í hópvinnu
- þjálfar nemendur í að lesa margvíslega texta og vinna með þá á fjölbreyttan hátt
- nemandi geti greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta með því að fást við margvísleg lestrarefni
- þjálfar nemendur í að nota tölvur við ritun, m.a. við sögugerð og réttiritun

## Námsmat

Kennari metur verkefni nemenda út frá þeim þáttum sem henta viðkomandi hópi. Atriði sem koma til greina eru framsetning, samhengi, stafsetning, málfar, uppsetning, virkni í hópstarfi, tjáning og þátttaka. Kennari getur útbúið gátlista þar sem fram koma atriði sem hann leggur áherslu á. Þessi atriði ættu að vera nemendum ljós frá upphafi. Matsatriðin verða að vera í samræmi við markmið verkefnanna.

Látið nemendur safna myndum sem tengjast Afríku. Þær er hægt að nálgast á Netinu (sjá vefslóðir) og einnig í dagblöðum og tímaritum. Góður myndabunki þarf að vera til staðar þannig að hægt sé að velja úr myndir sem tengjast viðfangsefni hópanna. Hægt er að ímynda sér að hóparnir séu

starfsmenn á dagblaði. Umræða og umfjöllun um Afríku, og efni bókarinnar almennt, þarf að hafa farið fram áður en hafist er handa við þessa vinnu. Þá væri æskilegt að sýna nemendum myndband frá Afríku (sjá lista og umfjöllun um myndbönd hér á eftir).

Úrvinnsla úr þessu efni getur verið með ýmsu móti. Nemendur geta útbúið veggspjöld þar sem hver hópur er með spjald og/eða miðlar efninu munnlega. Hægt er að búa til glærusýningu með Power-Point eða öðru glærugerðar- eða margmiðlunarforriti eða að útbúa kynningarbæklinga með umbrotsforritinu Publisher.

## 1. verkefni

*Listamenn frá Afríku*

Að kynna listamenn frá Afríku sem koma til Íslands og sýna á menningarhátíð.

Þetta er stolt fólk með ríka menningararfleið sem við Íslendingar getum örugglega lært eitt-hvað af. Hópurinn les kaflann „Eiga afrískar þjóðir sér einhverja sögu?“ og skrifar ríkulega myndskreytta grein um þessa afrísku listamenn og menningu þeirra.

## 2. verkefni

*Auglýsing fyrir hjálparsamtök.*

Að skrifa auglýsingu fyrir hjálparsamtök sem ætlar í herferð til þess að safna peningum vegna hungursneyðar í Afríku. Það eiga að vera margar myndir með þessari auglýsingu. Þær eiga að sýna uppskerubrest, náttúruhamfarir og fólk sem sveltur. Textinn þarf að vera þannig að Íslendingar fái slæma samvisku og finni sig knúna til þess að láta af hendi peninga til söfnunarinnar. Hópurinn les kaflann

„Eru til rafmagnseldavélar?“ og vefsíður frá Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauða krossinum.

## 3. verkefni

*Matur og matarvenjur*

Að skrifa stutta grein um mat og matarvenjur fólks í Afríku. Hópurinn les kaflann „Borðar fólk graut?“ Hver er algengasta fæðan og hvernig er hún oftast matreidd? Nota á Netid og bækur til að finna auðveldar mataruppskriftir frá Afríku. Hópurinn leitar á Netinu eða í myndasafninu að myndum sem tengjast matarmenningu Afríku og myndskreytir greinina.

## 4. verkefni

*Töfralæknar og sjúkdómar í heitum löndum*

Að skrifa grein um töfralækna. Í greininni á líka að fjalla um þá sjúkdóma sem algengastir eru í Afríku. Sagt skal frá óhefðbundnum lækningum og hjátrú á Íslandi í gamla daga og nú. Hópurinn les kaflann „Eru til töfralæknar?“ og leitar upplýsinga um sjúkdóma á netdóktor.is eða í bókum um lækningar.

## 5. verkefni

*Skólar og leikir barna í Afríku*

Hópurinn útbýr nokkrar spurningar um skóla og leiki barna í Afríku og svarar þeim síðan sjálfur. Kaflinn „Eru til skólar?“ er lesinn og skoðaður vefsíður um skóla og leiki barna (sjá lista um vefslóðir). Þessi hópur getur útbúið líkan af skólastofum eins og þær eru á Íslandi og í Afríku. Myndskreyta má frásögnina um skóla og leiki með myndum af líkönunum.

## 6. verkefni

*Viðtal við Afríkubúa*

Hægt er að finna viðmælanda til dæmis með því að hafa samband við Alþjóðahús. Hópurinn semur í sameiningu spurningar sem síðan eru sendar viðkomandi í tölvupósti. Munið að biðja viðmælandann um að senda mynd af sér með. Nemendur vinna síðan úr þessum upplýsingum og myndskreyta með myndum frá Afríku.

## 7. verkefni

*Póstkort frá Afríku.*

Í þessum hópi gætu t.d. verið getuminni nemendur eða þeir sem eiga erfitt með að vinna með öðrum. Hægt er að vinna einn eða í hópum. Nemendur ímynda sér að þeir séu staddir í landi í sunnanverðri Afríku og séu að skrifa póstkort sem birtast á í blaðinu. Nemendur í þessum hópi velja sér stuttan kafla úr bókinni til að lesa og eða skoða myndband frá Afríku, skrifa síðan stutta frásögn á blað og teikna mynd sem passar við textann. Þetta má líka vinna í tölvu, slá textann inn í ritvinnslu og teikna mynd við í myndvinnsluforriti.

## 8. verkefni

*Vatnið*

Hópurinn les saman kaflann „Hvert fer vatnið?“ Nemendur fara á netið og skoða vef Hjálparstofnunar kirkjunnar þar sem fjallað er um brunna í Mosambique og leita með leitarvefjum að síðum sem fjalla um vatn og Afríku. Nemendur sjá myndbandið „Von í tæru vatni“.

Hópurinn semur fimm spurningar úr þessu efni og svarar þeim.

Upplagt að útbúa Power-Point kynningu og veggspjald með spurningum og svörum.

# Bekkjarpema – Gott líf

Hvað er gott líf?

Hvernig lífi lifum við á Íslandi í samanburði við líf fólks annars staðar í heiminum?

## Hvaða námsgreinum tengjast verkefni?

- Kristinfræði, fjallað er um ólík trúarbrögð og sköpun heimsins.
- Íslensku, með lestri, ritun, tjáningu.
- Myndlist, með teikningu, málun og skreytingum að afrískum hætti .
- Tölvum, með því að nota ritvinnslu, glærugerðarforrit (Power Point) og bækingsforrit (Publisher).
- Lífsleikni, með því að eiga samskipti hvert við annað í mismunandi hópum og kynnst daglegu lífi og menningu framandi þjóða.
- Ensku, enska er það tungumál sem mest er notað á sviði fræðslu og vísinda. Netið og margmiðlunarefni er heppilegt til enskukennslu.

## Hvernig tengist þemað námskrám?

Sjá tengsl við námskrár hér að ofan. Auk þess tengist þetta þema kristnum fræðum. Eitt af loka-markmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla, kristnum fræðum er að nemandi öðlist þekkingu á öðrum trúarbrögðum sem grundvelli gilda og lífsviðhorfa og temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana.

Þá segir einnig í lokamarkmiðum að nemandi eigi að geta greint og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.

## Markmið verkefnisins er að

- vekja athygli nemenda á ólíkum lífsmáta og lífsgildum fólks
- auka víðsýni og umburðarlyndi nemenda
- nemendur fái innsýn í siði og venjur fólks með önnur trúarbrögð
- nemendur sjái hvað er sameiginlegt með trúarbrögðum og hvað er sérstakt

## Námsmat

Ágætt vinnulag er að kennari hafi hjá sér blað þar sem virkni og áhugi nemandans er skráð. Hægt er að meta þætti eins og:

Vinnubrögð; hvernig vinnur nemandinn?

Er hann vandvirkur og samviskusamur?

Hlustun; er nemandinn virkur og tekur þátt í umræðum og vangaveltum?

Félagslega færni; sýnir nemandinn samstarfsvilja og er hjálplegur?

Kemur hann með athugasemdir sem eru öðrum nemendum og verkefninu til framdráttar?

## 1. verkefni

Spjall um lífið og tilveruna almennt, hvað er að lifa góðu lífi? Hvernig er líf okkar á Íslandi frábrugðið lífi fólks í Afríku? Hvað vitum við um líf fólks sem býr í fjarlægri heimsálfu? Lifir fólk þar mismunandi lífi eins og fólk á Vesturlöndum?

Fáið heimsókn í bekkinn. Veljið lífsglaðan mann eða konu sem hefur gaman af að segja frá. Þetta má gjarnan vera fólk sem lifir góðu lífi þrátt fyrir fötlun. Hvað er mikilvægast í lífi þeirra? Hvað leggja þau áherslu á?

Nemendur geta verið búnir að útbúa spurningar fyrir viðkomandi gest.

Kennari getur lesið stuttan kafla úr sögu þar sem sagt er frá fjölskyldulífi á Íslandi. Bókin *Kleinur og karrý* eftir Kristínu Steinsdóttur kæmi þar til greina en þar er fjallað um 9 ára stráak, fjölskyldu hans og indverska nágranna þeirra.

Þá er líka upplagt að lesa stuttan kafla t.d. á bls. 38–39 í *Er til lím í Afríku?* þar sem sagt er frá því þegar börn eru að búa sig af stað í skólann. Eða að lesa á bls. 16 og 17, þar sem sagt er frá mismunandi húsagerðum sem fólk býr í.

## Hópvinna

### Að útbúa myndabók þar sem fjallað er um daglegt líf nemenda

Bekkurinn útbýr stóra myndabók. Myndirnar eru bæði teknar af nemendum og fengnar úr blöðum og bókum. Í myndabókinni eru myndir frá daglegu lífi fólks á Íslandi, til dæmis nemendum sjálfum. Myndir af húsum, mat, fötum, húsdýrum og villtum dýrum, hvað er ræktað og hvað við veiðum. Þá má ekki gleyma myndum af snjó og óveðri og svo myndir sem sýna gamla siði og venjur. Nemendur skrifa við myndirnar stuttan texta á ensku. Nemendur skipta með sér verkum, 2-3 saman fjalla um ákveðið efni.

Kennari getur sett sig í samband við til dæmis Rauða krossinn og fengið heimilisfang grunnskóla í Afríkúríki. Myndabókin er útbúin í tveimur eintökum, plöstuð og gormuð og síðan er annað eintakið sent viðkomandi skóla og þannig skapast e.t.v. tengsl milli skóla í Afríku og á Íslandi.

Svona myndabók er auðvitað líka hægt að útbúa þó hún sé ekki send til Afríku. Þá líka hægt að útbúa sambærilega myndabók með myndum og texta sem fengin er af Netinu eða úr bókum, þar sem hluti nemendanna fjallar um líf í Afríku, eins og þau ímynda sér að það sé.

## 2. verkefni

Upphaf lífsins. Talið um sköpunarsöguna í Biblíunni og um sköpun manna í norrænni goðafræði, um Ask og Emblu. Í fyrsta kafla bókarinnar Sögur víkinganna eftir Robert Swindell er í 1. kafla fjallað um sköpun heimsins samkvæmt goðafræðinni.

Ræðið við nemendur um fæðingu barna á Íslandi og um það að gefa barni nafn og skírni barna. Upplagt er að fá prest í heimsókn til þess að segja nemendum frá hefðum og siðum í þjóðkirkjunni í tengslum við skírni barns. Þá má líka fá í heimsókn fulltrúa frá ásatrúarsöfnuðinum og biðja hann að segja frá heiðnum sið og athöfnum eins og nafngift, giftingu og jarðarför.

Gestakennari frá Afríku í bekkinn. Fáðið í heimsókn Afríkubúa eða einhvern sem búið hefur lengi í Afríku eða þekkir vel til. Nemendur útbúa spurningar til kennarans. Hvað segja trúarbrögð hans um sköpun heimsins? Hvernig er fæðingu og skírni barna háttað í heimalandi gestsins?

Biðjið gestakennarann að hafa með sér hluti frá Afríku eða myndband. Gesturinn getur e.t.v. sýnt dans frá Afríku eða útbúið afrískt góðgæti með nemendum í skólaeldhúsinu.

Úr þessu þema má vinna á marga vegu. Ein aðferðin gæti verið að teikna það sem nemendum fannst mikilvægast í því sem þau lærðu. Þá er hægt að búa til hópa. Einn skrifar um sköpunarsöguna eins og hún er sögð í Biblíunni, annar segir frá sköpun heimsins eins og norræn goðafræði túlkar hana og þriðji hópurinn greinir frá því hvernig trúarbrögð gestsins segja að sköpun heimsins hafi farið fram. Þetta má setja fram á veggspjöldum. Eftir kynningar hópanna er spjall og rætt um hvað er líkt og hvað ólíkt með frásögnunum.

## Stutt samantekt á efni hvers kafla

*Eru háhýsi í Afríku?*

Á sama hátt og á Íslandi er munur á því að búa í borg eða sveit. Sumir búa ríkmannlega, aðrir eru fátækir og eiga ekki eins fín hús. Það fer eftir því byggingarefni, sem er mest notað í landinu og loftslaginu á staðnum hvernig hús eru byggð.

*Eru til skólar?*

Í Botsvana eru skólarnir þrískiptir til þess að allir sem þurfa að mennta sig komist að. Börnin eru í skólanum á morgnana og eftir hádegi en fullorðna fólkið seinni partinn. En það eru líka til bæði börn og fullorðnir sem fara aldrei í skóla. Þau eru hrædd um að kennarar sem hafa hlotið menntun í útlöndum kenni þeim aðra siði og þá muni þau gleyma sínum gömlu siðum.

*Fara börnin í teygjutvist?*

Um allan heim leika börn sér nokkurn veginn á sama hátt. Mesti munur á íslenskum og afrískum leikjum er sá að börn í Afríku búa sjálf til leikföngin sín. Börn í Afríku dansa og syngja meira en íslensk börn. Fótbolti er vinsælasta íþróttin í Afríku.

*Borðar fólk graut?*

Húsmæður í Botsvana eyða stærstum hluta tíma síns í að búa til mat. Þær rækta sjálfar grænmetið og kornið. Þær þurfa að byrja frá grunni með að mala kornið. Fólk í Botsvana borðar mest graut með grænmeti. Kjöt er mjög sjaldan borðað, það er selt til Evrópu. Það er list að halda eldinum þannig að grauturinn brenni ekki við. Þegar langt er að sækja vatn, er hægt að komast af með eina skál af vatni í uppvaskið.

*Hvers vegna á fólkið svona margar kýr?*

Af kúnum fæst kjöt og mjólk. Skinnin eru notuð sem ábreiður og sængur, kýrnar draga plóginn og

kúamykjan er notuð sem byggingarefni og eldiviður. En kýrnar þurfa vatn og gras. Í Afríku er það af skornum skammti.

*Hvert fer vatnið?*

Í Afríku eru notaðar mismunandi aðferðir við að safna vatni. Vatni er dælt upp úr jörðinni og regnvatni er safnað. En upp til sveita er oft erfitt að ná í vatn. Þar er vatn oft sótt í stöðuvötn og ár en í miklum hitum gufar þetta vatn upp og þá þarf að ganga enn lengra eftir vatni.

Þegar erfitt er að ná í vatn þá er stundum notað óhreint vatn til drykkjar. Í þessu vatni geta leynst bakteríur sem bera með sér sjúkdóma. Þetta gerðist líka á Íslandi í gamla daga.

*Eru til rafmagnseldavélar?*

Úti á landi er algengast að elda yfir opnum eldi. Í borgum er eldað bæði á rafmagnseldavélum og gaseldavélum en þó eru margir í afrískum borgum sem hafa hvorki rafmagn né gas.

Fólki fjölgar ört í Afríku og því þarf sífellt meiri eldivið og ræktunarland. Þegar margir safna eldiviði á sama stað verður skortur á viði, engin tré lengur til þess að veita skugga, ræturnar sjúga ekki lengur upp grunnvatnið og jarðvegurinn þornar upp.

Þetta er stórt vandamál í Afríku, hjálparstofnanir hafa á nokkrum stöðum byrjað að planta trjám, sums staðar með góðum árangri en annars staðar hefur það ekki gengið eins vel.

*Hvers vegna eru til ættbálkar?*

Það eru um fimmtán hundruð ólíkir þjóðflokkar í Afríku. Hver þjóðflokkur á eigin sögu, söngva og hefðir. Þjóðflokkarnir skiptast svo í ættbálka.

Þegar Evrópubúar komu til Afríku létu þeir höfðingja ættbálkanna innheimta skatt. Þetta var aðferð hvítu manna til að þvinga fólk til þess að vinna fyrir sig. Fólk varð að vinna sér inn peninga svo það gæti borgað skatt. Margar fjölskyldur sundruðust því að mennirnir fluttu í burtu til þess að vinna í námum. Evrópumennirnir voru hræddir við óánægju þeirra innfæddu og þess vegna reyndu Evrópumenn að veikja og sundra ættbálkunum. Trúboðarnir bönnuðu innfæddum að reka skóla, þar sem börnunum voru kenndar gamlar hefðir. Afríkubúum var þröngvað til að hegða sér eins og Evrópumenn, t.d. með því að klæðast fötum hvíta mannsins.

Það eru aðeins um 45 ár síðan Botsvana hlaut sjálfstæði og íbúar landsins eru að reyna að byggja upp lýðræðisríki og hafa í heiðri gamlar hefðir. Þegar Englendingar fóru tóku þeir með sér allt verðmætt. Botsvana er enn háð fjármagni frá erlendum fyrirtækjum en í dag ræður landið sjálft yfir hluta námanna og fjárhagur landsins fer batnandi.

*Eiga afrískar þjóðir sér einhverja sögu?*

Fornleifafræðingar hafa sýnt fram á að fólk bjó í Afríku fyrir fjórum miljónum ára. Þá var fólk í Afríku að þróa menningu sína, búa til verkfæri og annað. Afríkubúar ræktuðu bómull og ófu litrík efni, bjuggu til ritmál, settu á stofn bókasöfn og unnu í tré og málm. Þetta gerðist löngu seinna í Vestur-Evrópu. Svona var Afríka þar til Evrópubúar lögðu löndin undir sig og kölluðu nýlendur eða verndarsvæði.

*Hvers vegna eru til mismunandi tungumál?*

Fólk fór snemma að búa saman í hópum. Þannig gat það hjálpast að og varist dýrum og óvinum. Smám saman þróuðu hóparnir með sér tungumál. Það er talið að mörg tungumál hafi þróast samtímis á svipaðan hátt á mismunandi stöðum á jörðinni. Tungumálið skapar samkennd, það heldur saman hópum, ættflokkum, menningu og þjóðum.

Í Afríku er algengt að fólk tali fleiri en eitt tungumál. Í sama landi eru stundum töluð nokkur tungumál. Sum þessara tungumála hafa ekkert þróað ritmál. Til þess að allir geti skilið hver annan er stundum valið opinbert tungumál. Á því máli er til dæmis kennt í skólum.



### *Eru til töfralækna?*

Töfralæknir og læknir eru tvö orð um sama starfsheitið, en orðið læknir er oftast notað um þann sem hefur lært í háskóla og vinnur á sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð. Töfralækna læra oft í langan tíma, en ekki í skóla, heldur læra þeir að lækna af eldri starfsbræðrum. Sumir þjóðflokkar velja unga menn til þess að verða lærisveinar töfralækna.

Aðferðir töfralækna eru ólíkar á mismunandi stöðum í Afríku. Þar má nefna beinakastara, en þeir kasta heilögum kúabeinum og koma með sjúkdómsgreiningu eftir afstöðu þeirra. Grasalækna eru oftast konur. Þær tala við sjúklingana og komast þannig að því hvað amar að. Regnmenn búa til regnmeðal og setja í krukkur.

Unglingar fara út á engin og skvetta vatninu á jörðina með sérstökum vöndum. Þegar þessu er lokið snúa unglingarnir heim gegnblautir af regni. Regnhátíðir eru frekar sjaldgæfar.

Trúboðarnir sem komu til Afríku vildu brjóta á bak aftur vald töfralæknanna, því að menn trúðu að töfralæknarnir fengu vald sitt frá guðunum. Þeir vildu fá fólk til að trúa því að þeirra lækningaaðferðir væru betri en töfralæknanna og því dreifðu þeir orðrómi um að töfralæknarnir stunduðu villutrú og svartagaldur.

Á Íslandi er enn til hjátrú, til dæmis er það talið boða ógæfu ef svartur köttur hleypur í veg fyrir fólk. Það eru ekki margir Íslendingar sem enn kunna grasalækningar, en áhugi fólks á óhefðbundnum lækningaaðferðum hefur vaxið.

### *Hvers vegna eru blökkumenn svartir?*

Í húðinni er efni sem myndar D-vítamín. Ef sólin nær ekki að skína á húðina geta menn þjást af D-vítamínskorti. Álitíð er að fyrstu mennirnir hafi haft dökkan húðlit. Því lengra sem menn fóru frá miðbaug því minna varð sólskinið. Þá varð dökki húðliturinn vandamál því hann kom í veg fyrir að húðin myndaði D-vítamín. Þróunin varð sú að hörundslitur fólks sem bjó í minna sólskini lýstist smám saman, eiginleikinn til að mynda D-vítamín jókst en eiginleikinn til að mynda melanín í litafrumunum minnkaði.

Afríkubúar þurfa á hinum dökka hörundslit að halda til að skýla sér fyrir geislum sólarinnar. Húðlitur er arfgengur. Börn sem eiga annað foreldri svart og hitt hvítt erfa báða eiginleika frá foreldrum sínum.

### *Hoernig líta landamæri út í raunveruleikanum?*

Þegar nýlenduveldin skiptu Afríku á milli sín notuðu þau landakort og reglustiku. Þess vegna eru enn í dag landamæri sem skipta upp svæðum þar sem fólk hefur búið í þúsundir ára. Sum staðar gengur allt vel fyrir sig. Landamæravörðurinn situr í skúrnum sínum og lætur það óátalið að fólk og dýr fari þvers og kruss yfir landamærin. Annars staðar skapa landamærin vandamál. Fólk sem ekki tilheyrir sama þjóðflokki býr í sama landi í dag.

Gömlu landamærin eru enn í gildi. Ástæðan er sú að afrísku leiðtogarnir álitu að það myndi skapa meiri vanda en nú er að gera ný og náttúruleg landamæri.

## Gagnlegar vefslóðir

**African Style Gallery** <http://www.africanstylegallery.com/wholesalePages/>

Þetta er verslun á Netinu sem selur handunna listmuni frá Afríku. Hér er hægt að fá hugmyndir að viðfangsefnum á þemadögum.

**Afrísk hljóðfæri** <http://www.africantreasures.com/>

Hér er hægt að sjá myndir af alls konar hljóðfærum frá Afríku.

**Afrísk list** <http://www-sul.stanford.edu/depts/ssrg/africa/art.html>

Þessi síða er með krækjur á fjölda síðna um afríska list.

**Alþjóðahús** <http://www.ahus.is/index.htm>

Menningar- og fræðslumiðstöð fólks af erlendum uppruna. Þar má fá fræðslu og komast í samband við fólk frá Afríku.

**Danida** – vefur dönsku þróunarsamvinnustofunarinnar. Hér er síða sem þeir kalla u-web og er ætluð börnum og unglingum <http://www.u-web.dk/>

Þarna er t.d. myndabanki með flokkuðum myndum, tölur og staðreyndir og samanburður milli landa.

**Félag sameinuðu þjóðanna á Íslandi** <http://www.felagsameinuduthjodanna.is/>

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um það sem er efst á baugi á vettvangi SP.

**Hjálparstofnun kirkjunnar** <http://www.help.is/>

Hjálparstarf bæði innan lands og utan eru helstu verkefni Hjálparstofnunnar kirkjunnar.

Á síðunni er barnaefni <http://www.help.is/?frodleikur/barnaefni>

**Leikjabankinn** <http://leikir.ismennt.is/>

Leikjabankinn er samvinnu- og þróunarverkefni kennara og kennaraefna. Markmið bankans er að safna góðum leikjum til að nota í skólastarfi og kynna þá sem víðast með aðgengilegum hætti.

**Mellemfolkeligt samvirke** <http://www.ms.dk/>

Markmið þessara dönsku samtaka er að auka skilning og samheldni fólks. Stuðla að samvinnu þjóða og réttlátri skiptingu auðæfa heimsins. Smellið á undervisning <http://undervisning.ms.dk/>. Hér eru margar góðar kennsluhugmyndir.

**Rauði krossinn** <http://www.redcross.is/>

Rauði kross Íslands, aðalsíða. Hér eru allar upplýsingar um starf Rauða krossins.

**Rauða kross félög í Afríku** <http://www.ifrc.org/where/africa.asp>

**Rauði krossinn** – fræðslurit um þróunarlönd <http://www.redcross.is/template1.asp?PageID=23>

Þessi bæklingur er nú aðeins til á Netinu. Í honum er hægt að lesa í stuttu máli helstu staðreyndir um þróunarlönd.

**Rauði krossinn, skólavefur** <http://redcross.is/template3.asp?PageID=475>

Á þessum síðum má einnig finna ítarlegar kennsluleiðbeiningar og verkefnahugmyndir fyrir nýútgefnar kennslubækur, þar á meðal fyrir bókina Hjálpfús (miðstig) og lestrarbækurnar *Sasha*, *Elvíra* og *Lí Song* (yngsta stig).

**Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Kristniboðsvefurinn** <http://sik.is/>

Markmiðið er að útbreiða kristna trú bæði á Íslandi og í útlöndum. Starfssvæði SÍK ytra er aðallega í Afríkulöndunum Eþíópíu og Keníu. Á þessum vef er krakkanetið <http://krakkar.sik.is/> þar sem fjallað er um börn í Afríku.

**U-land.dk** <http://www.u-land.dk/>

Vefur á dönsku um þróunarlönd. Hér er mikið efni fyrir nemendur og kennara um málefni þróunarlanda. Smellið t.d. á tengilinn skole og þar á 4.-6. klasse

[http://www.u-land.dk/index.php?page\\_id=248](http://www.u-land.dk/index.php?page_id=248)

Þarna er hægt að fræðast um líf og starf barna í ýmsum Afríkulöndum.

**Umhverfis jörðina** – vefefni frá Námsgagnastofnun

<http://www.namsgagnastofnun.is/verdenrundt/index.htm>

Umfjöllun, myndir, frásagnir, tónlist og upplýsingar um Búrkína Fasó og Suður- Afríku.

Kennsluhugmyndir með efninu á pdf formi

<http://www.namsgagnastofnun.is/verdenrundt/Kynning.pdf>

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands** <http://www.iceida.is>

Stofnunin leggur áherslu á samvinnu við ríki þar sem lífskjörin eru hvað lökust. Samstarfslönd og verkefni stofnunarinnar eru öll í Afríku.

## Bækur sem tengjast efninu

Auður H. Ingólfssdóttir. 1999. *Malaví*. Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Almenn umfjöllun um Malaví, lítið land sunnarlega í Afríku. Það hefur oft verið nefnt “Hið heita hjarta Afríku”, sök um náttúrufergurðar. Landið er meðal hinna fátækustu í Afríku.

Auður H. Ingólfssdóttir og Þórdís Sigurðardóttir. 2000. *Namibía*. Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Bæklingur um land og þjóð. Íslendingar hafa lengi veitt Namibíubúum þróunaraðstoð á sviði fiskiveiða- og rannsóknna.

Halldóra Magnúsdóttir. 1981. *Pygmear í Zaire*. Ítarefni með námseiningunni: Með mönnum og dýrum. Námsgagnastofnun Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild. Stutt og auðlesið hefti um þennan frumstæða þjóðflokk. Getur hentað sem umræðukveikja.

Jónína Einarsdóttir. 2001. *Mósambík*, Reykjavík. Þróunarsamvinnustofnun. Upplýsingar um land og þjóð. Benda má á kafla um óhefðbundnar lækningar.

Kristín Steinsdóttir. 1999. *Kleinur og karrý*. Þessi barnabók er nefnd sem dæmi um ágæta bók til þess að lesa fyrir bekkinn í heild eða að hluta til í tengslum við verkefnavinnu.

Kristín H. Tryggvadóttir. *Líf í heitu landi*. Ríkisútgáfa námsbóka í samvinnu við Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild. Kennslubók sem notuð hefur verið í skólum landsins í mörg ár. Hún er barn síns tíma en ágætt er að nota þessa bók til að kveikja umræður og eða velja úr henni kafla í samræmi við umfjöllunarefni hverju sinni.

Palle Petersen. 1979. *Börn jarðar*. Bjallan h.f. Ágæt bók til þess að kveikja umræður. Myndir eru svart hvítar og lögð er áhersla á þær, texti stuttur og auðlesin.

Sigríður Birna Valsdóttir. 2000. *Hjálpfús*. Rauði kross Íslands. Námsefni fyrir miðstig grunnskóla sem hægt er að panta ókeypis í skóla. Fjallar um Rauða krossinn og börnin í heiminum. Gott 48 síðna hefti sem dreift er af Námsgagnastofnun. Fjöldi verkefna og leiðbeiningar á vefnum.

*Sól skín á krakka.* Bókin er gerð að frumkvæði Rauða kross Íslands til að vekja máls á ólíku hlutskipti barna í heiminum. Bókin er prýdd fjölda litmynda eftir Sigrún Eldjárn og gefin út í samvinnu Rauða kross Íslands og Forlagsins.

Swindell Robert. 1999. *Sögur víkinganna*. Skjaldborg. Þessi bók fjallar um norræna goðafræði. Hún er fallega myndskreytt og með góðu letri fyrir nemendur.

## Myndbönd sem tengjast efni

*Gambía. Unga fólkið í landinu.* Mynd 2. Myndin fjallar m.a. um skólabörn og hentar vel sem kveikja að umfjöllun um Afríku. 19 mín.

*Börn í Afríku.* Þrjár mjög stuttar myndir um systur, Vatnið sótt 7 mín., Krabbaveiðar, 7 mín. og Stráþilsíð 9 mín.. Henta yngri nemendum.

*Afríka sunnan Sahara-* ríki heimsins. Pular Guðni Kolbeinsson, 18 mín. Ágæt mynd sem fjallar almennt um lífið í Afríku.

*Land í Afríku – Namibía.* Fróðleg mynd þar sem fjallað er um landið og þróunaraðstoð Íslendinga í landinu. 12 mín. Texti og myndefni áhugavert fyrir nemendur.

*Von í tæru vatni.* Stutt mynd gerð af Rauða krossinum um mikilvægi þess að hafa aðgang að hreinu vatni. Ágæt mynd en nokkuð stutt. 4. mín.

## Heimildir

Berg, Lars-Eric. *Er til lím í Afríku?* 2003. Námsgagnastofnun.

Klöcker Lisa. *Lærervejledning til Hvorfor er de sorte? – Afrika fra syd til nord.* 1994. Mellempfolkeligt Samvirke.

Lärrarhandledning *Finns det lim I Afrika?*

Vísindavefurinn <http://www.visindavefur.hi.is/>